

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 309/2022

2023/EES/48/20

frá 9. desember 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/692 frá 16. febrúar 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 146, 25.2.2022, bls. 150.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0692**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/692 frá 16. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 129, 3.5.2022, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 146, 25.2.2022, bls. 150.“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/692, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 146, 25.5.2022, bls. 150, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 129, 3.5.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.